

REGLUGERÐ

um hross í Blönduósshreppi skv. 38. gr. búfjárlaga nr. 31/1973.

1. gr.

Mönnum er heimilt að hafa hross í eignarlandi Blönduósshrepps, enda verði fylgt þeim reglum og ákvæðum, sem þessi reglugerð greinir, svo og ákvæðum fjallskilareglugerðar og lögreglusamþykktar A.-Hún.

2. gr.

Hross skulu höfð í þeim hagagirðingum sem hreppsnefnd ákveður. Ef hætta er á örtröð eða um of mörg hross að ræða í högunum að dómi hreppsnefndar, getur hún takmarkað fjölda þeirra og sett skammtímareglur þar um.

3. gr.

Þegar hross eru ekki í hagagirðingum hreppsins skulu þau vera í öðrum heldum girðingum. Er öll lausaganga hrossa í landi hreppsins, sem ekki er ætluð þeim, eða á götum kaupþúsins stranglega bönnuð.

4. gr.

Hross, sem eru á flækingi á götum kaupþúsins eða ganga laus í landi hreppsins, þar sem þau eiga ekki að vera, skulu handsömuð og sett í örugga vörslu. Eigendur fá þau afhent gegn greiðslu raunverulegs kostnaðar við töku þeirra, annars verða þau seld á uppboði og gangi uppboðsandvirði til greiðslu kostnaðar, en eigandi, finnist hann, fær afganginn. Innlausnarfrestur fjallskilareglugerðar og laga um afréttamál gildi um sölu hrossa þessara.

5. gr.

Brjótí sami maðurinn þessi ákvæði oft eða séu sömu hrossin tekin hvað effir annað, getur hreppsnefnd svipt hann eða eigendur hrossanna leyfi til þess að hafa hross í landi hreppsins og skulu þá viðkomandi hross fjarlægð án tafar. Verði það ekki gert skulu þau seld á uppboði sbr. 4. gr.

6. gr.

Að vetrinum þegar snjór gerir girðingar gagnslitlar, skulu menn taka hross sín í hús eða aðra örugga vörslu, svo þau valdi ekki ágangi.

7. gr.

Ákvæði 4., 5. og 6. gr. gilda einnig um hross, sem eign eru annara en Blönduósinga, enda séu lögleg grindahlíð á vegunum.

8. gr.

Hesthús skulu vera rúmgóð og þrífaleg. Dimm og rök hesthús eða þau, sem dýralæknir telur óhæf, skulu rifin á kostnað eiganda, enda hafi hann ekki bætt úr effir hæfilegan frest. Ekki má byggja ný hesthús nema með leyfi hreppsnefndar og bygginganefndar.

9. gr.

Haugar við hesthús skulu fjarlægðir vor hvert, svo tímanlega sem tíðarfar leyfir eða fyrir þann tíma, sem heilbrigðisnefnd ákveður hverju sinni. Vanræksla á þessu heimilar hreppsnefnd að synja viðkomandi eiganda um hagagöngu fyrir hross sín í landi hreppsins. Auk þess skal haugurinn fjarlægður á kostnað eiganda. Þetta ákvæði

tekur til allra hesthúsa í landi hreppsins, en heimilt er að veita undanþágur, ef húsin eru mjög afskekkt.

10. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála og skulu sektir vera kr. 10 000.00—100 000.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 31 24. apríl 1973 um búfjárrækt, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. janúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

6. febrúar 1978.

Nr. 80.

REGLUGERÐ

um takmörkun á þorskveiðum í mars 1978.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 12 á hádegi 21. mars til kl. 12 á hádegi 28. mars 1978, eru allar þorskveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Skal óheimilt á þessu tímabili að hafa í sjó nokkur þau veiðarfæri, sem notuð eru til þorskveiða.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar, sbr. 1. gr., má hlutdeild þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum telst löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

3. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því, sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist herra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr., nema skipstjóri sanni, að veiðum hafi verið hætt fyrir upphaf tímabilsins.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um